

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Ár 2018, miðvikudaginn 14. nóvember kl. 13:04 var haldinn 9. fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Ráðssal. Viðstödd voru: Líf Magneudóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Egill Þór Jónsson, Marta Guðjónsdóttir og fulltrúi atvinnulífsins, Ólafur Jónsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Þórólfur Jónsson, Guðmundur Benedikt Friðriksson og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundaritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

1. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sundahöfn**, breyting á aðalskipulagi, stækkun hafnarsvæðis Mál nr. SN180358

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. í september 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst að stækka hafnarsvæðið (H4) í Sundahöfn með landfyllingum við Klettagarða og Skarfabakka-Kleppsbakka ásamt umhverfisskýrslu VSÓ ráðgjafar dags. í september 2018. Drög að tillögu voru kynnt til og með 7. nóvember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu umsagnir: Bláskógabyggð dags. 1. nóvember 2018, Garðabær dags. 6. nóvember 2018 og Veitur dags. 7. nóvember 2018.

Einnig er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags í nóvember 2018 ásamt umhverfisskýrslu VSÓ ráðgjöf dags. í september 2018.

Kynnt.

Umhverfis- og heilbrigðisráð bókar: Umhverfis- og heilbrigðisráð felur skrifstofu umhverfisgæða að gera umsögn um breytingu á aðalskipulagi vegna hafnarsvæðis við Sundahöfn og umsögn um drög að breytingu á aðalskipulagi vegna iðnaðar og annarrar landfrekrar starfssemi á Esjumelum.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti undir þessum lið.

2. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, iðnaður og önnur landfrek starfssem**, drög að breytingu Mál nr. US180359

Lagt er fram drög að breytingu að iðnaði og annarri landfrekri starfssemi. Einnig eru lögð fram umhverfisskýrsla.

Kynnt.

Umhverfis- og heilbrigðisráð bókar: Umhverfis- og heilbrigðisráð felur skrifstofu umhverfisgæða að gera umsögn um breytingu á aðalskipulagi vegna hafnarsvæðis við Sundahöfn og umsögn um drög að breytingu á aðalskipulagi vegna iðnaðar og annarrar landfrekrar starfssemi á Esjumelum.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti undir þessum lið.

3. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, iðnaðarsvæði við Álfsnesvík**, drög að breytingu Mál nr. US180367

Lagt er fram drög að tillögu að breytingu á iðnaðarsvæði við Álfsnesvík.

Kynnt.

Umhverfis- og heilbrigðisráð bókar: Umhverfis- og heilbrigðisráð felur skrifstofu umhverfisgæða að gera umsögn um breytingu á aðalskipulagi vegna hafnarsvæðis við

Sundahöfn og umsögn um drög að breytingu á aðalskipulagi vegna iðnaðar og annarrar landfrekrar starfssemi á Esjumelum.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti undir þessum lið.

4. **Tillögur Náttúrufræðistofnunar, B-hluti náttúruminjaskrár** Mál nr. US180372

Kynntar tillögur Náttúrufræðistofnunar að svæðum í Reykjavík til B-hluta náttúruminjaskrár.
Kynnt.

Snorri Sigurðsson verkefnastjóri tekur sæti á fundi undir þessum lið.

5. **Umhverfis- og heilbrigðisráð, júl 2018** Mál nr. US180351

Lagt er til að fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs falli niður 19. desember 2018.
Samþykkt.

6. **Umhverfis- og skipulagssvið, innkaupaskýrsla (USK2015020003)** Mál nr. US130045

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í október 2018.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson bóka: Sjálfstæðisflokkurinn leggur mikla áherslu á að framkvæmdir sem koma fram í innkaupaskýrslu standist áætlun. Ábyrgðaraðili skal tryggja að ekki verði um framúrkeyrslu á verkefnum að ræða eins og áður hefur þekkt í öðrum verkefnum Reykjavíkurborgar.

7. **Umhverfis- og heilbrigðisráð, samþykktir** Mál nr. US180349

Kynnt drög að samþykktum fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð og lagðar fram athugasemdir frá skrifstofu sviðstjóra.
Athugasemdir samþykktar með þeim breytingum sem komu fram á fundinum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14.20

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Líf Magneudóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Marta Guðjónsdóttir

Dóra Magnúsdóttir
Egill Þór Jónsson
Ólafur Jónsson